



Ársskýrsla Slökkviliðs Fjallabyggðar

– 2023 –



Inngangur:

Starf innan Slökkviliðs Fjallabyggðar gekk vel á árinu 2023. Þrjátíu útköll og verkefni eru skráð í miðlægum grunni Neyðarlínunnar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og er það utan annarra verkefna sem komu beint inn á borð slökkviliðs. Haldnar voru níu æfingar þar sem slökkviliðsmenn æfðu viðbrögð við hinum ýmsu verkefnum sem upp geta komið.

Breytingar urðu í stjórnendahópi slökkviliðsins nú um áramót þegar Þormóður Sigurðsson, varaslökkviliðsstjóri, lét af störfum. Í hans stað var Daníel Páll Víkingsson ráðin varaslökkviliðsstjóri í 20% starfshlutfalli. Þá tók Jón Valgeir Baldursson við stöðu varðstjóra ásamt Agnari Þór Sveinssyni.

Slökkviliðsstjóri sinnir daglegum rekstri liðsins, s.s. útköllum, eldvarnaeftirliti, forvarnarstarfi, slökkvitækjaþjónustu, eftirliti og umsjón með búnaði auk þess að skipuleggja æfingar, menntun og endurmenntun fyrir slökkviliðsmenn og hin ýmsu störf. Varaslökkviliðsstjóri sinnir eftirliti með tækjum og búnaði á slökkvistöð á Ólafsfirði og er slökkviliðsstjóra innan handar í öðrum verkum auk þátttöku í undirbúningi og skipulagningu æfinga slökkviliðsmanna. Þá er hann upplýstur um rekstur slökkviliðsins á hverjum tíma. Varaslökkviliðsstjóri er staðgengill slökkviliðsstjóra í fjarveru hans.

Nú um áramót voru 28 virkir slökkviliðsmenn í Slökkviliði Fjallabyggðar auk slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Tólf á Siglufirði og sextán á Ólafsfirði. Fyrirséð er að taka þarf inn 2-3 nýliða inn í liðið á árinu 2024 þar sem nokkrir innan liðsins hafa óskað að draga sig úr starfi sökum aldurs. Árangur hefur náðst í að lækka meðalaldur slökkviliðsmanna sem var of hár. Nýliðun á ekki að hafa áhrif á fjárhagsáætlun liðsins á komandi ári.

Tækja- og búnaðarmál slökkviliðsins og slökkviliðsmanna er ávallt í brennidepli. Vel gengur að endurnýja persónulegan hlífðarbúnað slökkviliðsmanna og er endurnýjun á áætlun. Endurnýjun búnaðar er einnig hafin og á síðasta ári fékk slökkviliðið ný fjarskiptatæki fyrir reykfara sem ekki hafa verið til um árabíl en er mjög nauðsynlegur þáttur í starfi slökkviliðsmanna. Þá er einnig hafin endurnýjun á reykköfunartækjum og -búnaði sem eru komin vel til ára sinna. Er það liður í fjárfestingaráætlun sem bæjarstjórn samþykki árið 2022 fyrir árin 2023 og 2024.

Stærsta æfing slökkviliðsins var í september á síðasta ári þegar viðbrögð við atburði í Strákagöngum var sett á svið. Æfingin var haldin í samstarfi við Vegagerðina, Neyðarlínuna, Slökkvilið Akureyrar, sjúkraflutningateymi HSN í Fjallabyggð og Björgunarsveitina Stráka. Heilt yfir gekk æfingin vel og skilaði slökkviliðsstjóri samantekt um æfinguna að henni lokinni. Æfingin sýndi fram á að geta slökkviliðsins til þess að bregðast við vá í jarðgöngum er afar takmörkuð og brýnt að Vegagerðin bæti úr búnaði sem slökkviliðið þarfnast til þess að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Samkvæmt gildandi Brunavarnaáætlun slökkviliðsins er atburður í jarðgöngum utan getu slökkviliðsins að ráða við.



Í upphafi síðasta árs boðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra til námsráðstefnu á Húsavík þar sem stjórnendum viðbragðseininga í landsfjórðungnum var boðin þátttaka. Var það í fyrsta skipti sem blásið var til slíkrar ráðstefnu. Hún gekk vel og er fyrirhugaður annar slíkur viðburður í mars á þessu ári.

Ársfundur Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar var haldin í Reykjanesbæ í mars þar sem málefni Brunamálaskólans voru í brennidepli en breytingar hafa verið gerðar á skólanum og reglugerðum þar um.

Í október boðaði Umhverfisstofnun og Landhelgisgæsla Íslands, í samstarfi við slökkvilið, lögreglu og Fjallabyggðarhafnir, til æfingar í Siglufjarðarhöfn við Óskarsbryggju þar sem viðbragð við bráðamegnun á hafi var æft. Var notast við búnað sem m.a. sveitarfélagið á og rekur.

Stefna slökkviliðsins er að vera alltaf tilbúið fyrir allar aðgerðir sem upp geta komið og eigi auðvelt með að skipta um „taktík“ í mismunandi verkefnum. Slökkviliðið er björgunarlið fyrir íbúa sveitarfélagsins, gesti og samfélagið allt og því mikilvægt að kerfi okkar standist allt álag. Slökkviliðið er ávallt tilbúið til útkalls.

Slökkvilið Fjallabyggðar heldur úti Facebook-síðu þar sem starf slökkviliðsins er ítarlega kynnt auk þess sem allar tilkynningar er varða almenning eru settar fram.


Brunavarnaáætlun:

Áhættuflokkar í brunavarnaáætlun sveitarfélagsins eru fimm og sá fimmti alvarlegastur og utan björgunargetu slökkviliðsins. Jarðgöngin í sveitarfélaginu falla öll undir áhættuflokk fimm og er það vegna tækja- og búnaðarmála eins og áður hefur komið fram. Sveitarfélagið og slökkvilið hafa átt í samtali við Vegagerðina vegna þessa en lítið hefur þokast. Slökkviliðsstjóri hefur upplýsingar um að Innviðaráðuneytið hafa fundað með Vegagerðinni, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Samgöngustofu vegna málefna slökkviliðsins og jarðganga á Tröllaskaga undir lok síðasta árs. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framhaldið.

Eldvarnareftirlit:

Eldvarnareftirlit í sveitarfélaginu gekk vel á síðasta ári. Endurskipulagning starfsins er enn í gangi. Verkefni í eldvarnareftirliti eru þó nokkur en almennar skoðanir skiptast í tvo flokka. Það eru árlegar skoðanir og svo skoðanir fjórða hvert ár. Eldvarnarskoðun getur verið mistímafrek. Allt frá skoðun sem tekur eina klukkustund og upp í heilan dag auk skýrslugerðar sem ávallt fylgir sem og eftirfylgni eftir því sem við á.

Í miðlægum eldvarnargrunni slökkviliða, Brunaverði, eru 92 mál skráð á Slökkvilið Fjallabyggðar. Af þeim er 75 málum lokið og sautján enn í vinnslu.



Forvarnarstarf:

Slökkvilið sinnti fjölmörgum forvarnarverkefnum á árinu. Heimsóknir í leik- og grunnskóla er hluti af árlegum og reglubundnum verkefnum slökkviliðsins. Má þar nefna að nemendum á efsta stigi leikskólans var boðið í heimsókn á slökkvistöð þar sem útskriftarárgangur fékk viðurkenningu fyrir eftirlit í leikskólanum veturinn á undan. Sami árgangur er svo heimsóttur á haustönn þar sem þau fá verkefni yfir veturinn að fylgjast með eldvarnarbúnaði í leikskólahúsnæðinu. Þá er þriðji bekkur grunnskólans heimsóttur á aðventunni þar sem minnt er á mikilvægi brunavarna og hlutverk þeirra að minna foreldra sína á að hafa eldvarnir heimilisins í lagi. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun bauð Slökkviliði Fjallabyggðar og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins þátttöku í kynningarefni fyrir Degi reykskynjarans sem er 1. desember ár hvert og voru auglýsingar þess efnis áberandi á aðventunni.





Slökkviliðið tók þátt í nokkrum viðburðum á árinu meðal annars m.t.t. forvarna. Þar má nefna 1-1-2 daginn, móttaka á nýju þjörgunarskipi á Siglufirði, 17. júní, hátíðarhöld um verslunarmannahelgi, minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa og átaksverkefni um brunavarnir í desember. Nokkur fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir nýttu sér boð slökkviliðsins um eldvarnarfræðslu og handslökkvitækjakennslu.



Slökkvitækjaþjónusta:

Slökkvilið Fjallabyggðar hefur í mörg ár rekið slökkvitækjaþjónustu sem skoðar, þjónustar og endurhleður handslökkvitæki fyrir fyrirtæki, stofnanir, útgerðir báta og skipa, bifreiðareigendur og íbúa sveitarfélagsins. Hefur þessi þjónusta mælst vel fyrir og stuðlað að virkari forvörnum en ella. Á það ekki síst við um heimili fólks.

Þó nokkur umsvif eru í slökkvitækjaþjónustu slökkviliðsins. Snýr það að þjónustuskoðun slökkvitækja í fasteignum og þjónustuskoðun slökkvitækja í skipum og bátum þar sem einnig þarf að gefa út vottorð vegna eldvarnarbúnaðar. 264 slökkvitæki voru tekin til skoðunar á árinu 2023. Þá hafði slökkvilið milligöngu um endurnýjun slökkvitækja og eldvarnarbúnaðar þar sem þörf var á.


Útköll:

Slökkvilið Fjallabyggðar fór í 30 útköll/verkefni á árinu 2023. Skilgreining forgangs er með eftirfarandi hætti:


- F1** – Slökkvilið sent á vettvang með forgangsakstri án tafar. Talin þörf á lífsbjargandi aðstoð.
- F2** – Slökkvilið sent á vettvang með forgangsakstri án tafar. Þörf á skjótri aðstoð þar sem aðstæður geta breyst.
- F3** – Slökkvilið sent á vettvang án forgangsaksturs. Verkefni sem ekki þola bið.
- F4** – Slökkvilið eða bakvakt sent á vettvang án forgangsaksturs til aðstoðar eða skoðunar.



Útköll ársins 2023 skiptast með þessum hætti:




Útköll ársins 2023 skiptast með eftirfarandi hætti eftir verkefnum:





Forgangur útkalla ársins 2023 skiptist með eftirfarandi hætti:



Helstu útköll ársins 2023

Af þeim útköllum sem Slökkvilið Fjallabyggðar sinnti á síðasta ári eru nokkur sem skera sig úr er varða eðli og umfang.

3. febrúar 2024 – Umferðarslys á Ólafsfjarðarvegi nærri Múlagöngum

Slökkvilið fékk tilkynningu um að hópferðabifreið hefði farið út af Ólafsfjarðarvegi nærri Strákagöngum og að um borð væri 25 farþegar. Meiðsli voru sem betur fer minniháttar. Fjöldahjálparstöð var opnuð í Menntaskólanum á Tröllaskaga.

17. febrúar – Umferðarslys á Siglufjarðarvegi við Flókadalsá

Slökkvilið fékk tilkynningu um umferðarslys á Siglufjarðarvegi við Flókadalsá þar sem tvær bifreiðar hefðu lent saman. Fjórir voru fluttir á slysadeild á Siglufirði til aðhlyningar.

8. mars – Eldur í byggingu við Námuveg

Slökkvilið fékk tilkynningu um eld í byggingu við Námuveg. Töluverður eldur var í húsinu þegar að var komið. Slökkvistarf tók þó nokkurn tíma til þess að tryggja að eldur tæki sig ekki upp aftur. Ekki mátti miklu muna að húsnæðið yrði alelda.



2. júní – Tilkynnt um mannlausan kajak í Ólafsfjarðarvatni

Töluvert viðbragð var virkjað í sveitarfélaginu eftir að tilkynnt var mannlausan kajak á Ólafsfjarðarvatni. Við vinnslu málsins og eftirgrensulan kom í ljós að kajakinn hefði losnað frá bryggju vegna veðurs.

11. september – Tilkynnt um eld í báti á hafi

Slökkvilið fékk tilkynningu um að eldur logaði um borð í báti utan við öldubrjót á Siglufirði. Mikið viðbragð var virkjað þar sem ekki var ljóst í upphafi um umfang atburðarins. Sem betur fer reyndist ekki laus eldur um borð en reykafarar tryggðu að svo væri ekki.

18. september – Óveður og alvarlegt foktjón við Aðalgötu

Slökkvilið fékk tilkynningu um að þak hefði fokið af stórri skemmu við Aðalgötu. Þegar að var komið var mikið brak úr húsinu á víð og dreif á eyrinni. Stærsti hluti af þaki hússins hafði farið af, hluti þess lenti inni í nærliggjandi byggingu og hluti dreifðist á svæði í kring. Þá hafði húsið hrunið að hluta. Slökkvilið setti upp lokunarpósta fyrir umferð um alla eyrina. Þá var aðstoðað við að tryggja aðra hluti sem voru hættulegir.

23. september – Tilkynnt um eld í báti á hafi

Slökkvilið fékk tilkynningu um að eldur logaði um borð í báti sem væri á leið inn til Siglufjarðar. Skipverjar höfðu hleypt af kolsýrutæki til þess að koma í veg fyrir að eldur mundi brjótast út. Slökkvilið tók á mótí bátnum við höfn og reykafarar gengu úr skugga um að enginn eldur væri um borð.



Myndir úr verkefnum Slökkviliðs Fjallabyggðar 2023



Almannavarnastig:

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórann á Norðurlandi eystra lýsti yfir almannavarnastigi á svæðinu þrisvar sinnum á árinu 2023. Þegar slíkt viðbragð fer í gang tengjast viðbragðsaðilar á svæðinu þéttari böndum og eru regluleg samskipti á meðan almannavarnastig er í gildi. Slökkviliðsstjóri sat alla fundi vegna þeirra mála sem upp komu og var bæjarstjóri, fjármálastjóri og forstöðumaður tæknideildar Fjallabyggðar upplýstir um gang mála í hvert skipti og hverju sinni.

Óvissustigi almannavarna var lýst yfir þrisvar sinnum:

- 6. febrúar vegna veðurs á öllu landinu
- 11. febrúar vegna veðurs á Norðurlandi eystra
- 24. desember vegna snjóflóðahættu á Tröllaskaga



Æfingar og menntun slökkviliðsmanna:

Slökkvilið Fjallabyggðar æfði níu sinnum á árinu 2023 og uppfyllir þar með skyldur sínar samkvæmt lögum um Brunamál nr. 75/2000. Að jafnaði eru æft fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði frá janúar til maí og september til desember.

Æfingar og menntun slökkviliðsmanna 2023:

- **Janúar** - Farið yfir búnað allra ökutækja, vinnukvöld á slökkvistöð
- **Febrúar** – Rýni vegna umferðarslyss og yfirferð reykköfunarbúnaðar
- **Mars** – Reykköfun í húsi við Aðalgötu
- **Apríl** – Björgunarklippur og vinna á vettvangi
- **Maí** - Eiturefnaæfing
- **September** – Reykköfunar- og björgunaræfing í Strákagöngum



- **Október** – Vatnsöflun og dæluvinna
- **Nóvember** – Reykköfun
- **Desember** – Reykköfun

Áfram þarf að huga vel að menntun og æfingu slökkviliðsmanna vegna þeirra kynslóðabreytinga sem er að eiga sér stað innan liðsins og tryggja að allir innan liðsins hafi samskonar menntun og þekkingu vegna þeirra verkefna sem geta komið upp.



Myndir úr starfi Slökkviliðs Fjallabyggðar 2023

Eftirmáli:

Starfsemi slökkviliðsins er á réttri leið. Áhugi fyrir starfinu er til staðar hjá öllum þeim sem koma að því og bæjaryfirvöld hafa sýnt stuðning sinn í verki.

Eins og að framan greinir mun nýliðun halda áfram á árinu 2024. Helsta áskorunin í því efni er að fá einstaklinga með aukin ökuréttindi sem og vinnuvélaréttindi. Önnur slökkvilið hafa gert samning við slökkviliðsmenn á þá leið að sveitarfélag greiðir þriðjung af náminu, þriðjungur er sóttur til stéttarfélags í gegnum styrk og þriðjungur dregin af launum slökkviliðsmanna í ákveðinn tíma. Slökkviliðsstjóri telur að sú leið sé vænlegust og var hún farin í samvinnu við þrjár slökkviliðsmenn á síðasta ári.

Endurskipulagning eldvarnareftirlits heldur áfram á þessu ári og hefur skoðunaráætlun verið birt á heimasvæði slökkviliðsins á www.fjallabyggd.is. Þá mun slökkvilið áfram halda úti öflugri forvarnarstarfi líkt og áður.

Slökkviliðsstjóri vill þakka varaslökkviliðsstjóra, varðstjórum og slökkviliðsmönnum fyrir samvinnuna síðasta ári og sömuleiðis bæjarstjórn, bæjarráði og bæjarstjóra. Þá eru deildarstjóra tæknideildar, starfsmönnum ráðhúss og þjónustumiðstöðvar færðar þakkir fyrir samstarfið og aðstoðina á liðnu ári.

Sérstakar þakkir fá þeir sem komu að björgunaraðgerðum með slökkviliði á árinu.

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri